

Svalbarðsstrandarhreppur
Jakobína Ósk Sveinsdóttir
Ráðhúsinu
601 Akureyri

Reykjavík, 2. maí 2024
UST202404-312/A.B.
10.04.00

Efni: Breyting á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 - 2020 fyrir Leifshús - frístundabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Svalbarðsstrandarhrepps er barst 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 - 2020 fyrir Leifshús.

Í greinargerð kemur fram að aðalskipulagsbreytingin felur í sér að afmarkað er 2,6 ha svæði fyrir frístundabyggð (F12) með garðlöndum (d. kolonihave) í landi Leifshúsa og minnkar skilgreint landbúnaðarsvæði L1 sem því nemur. Auk þess segir að deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir byggingu 12 smáhýsa og uppsetningu ræktunarreitna, ásamt gróðurhúsi og aðstöðuhúsi á landi þar sem nú eru tún og skógarreitir.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur